

---

2. tölublað 1983 7. árgangur.

---

### Árshátíð

Norðfirðingafélagsins verður  
haldin að Hótel Loftleiðum,  
Víkingsal, föstudaginn 18. marz  
1983 kl. 20:00 stundvíslega.

Matseðill: Rækjukokteill,  
logandi lambalæri og  
„Ís de la Nípa“

Aæðumaður: Friðjón Guðröðarson

Skemmtiatriði:

Samleikur á píanó og básúnu,  
einsöngur, fréttabréf að heiman,  
happdrætti: vinningur, Útsýnar-  
ferð.

Dans og vínveitingar.

Miðaverð kr. 500.00

---

Viðtakandi:

SÓLARKAFFI.

Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins verður  
haldið sunnudaginn 14. febrúar 1982,  
kl. 15:00 í Lækjarhvammi, hótél Sögu.  
Verð kr. 50,00  
Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið  
1981 verður haldinn um leið.

Stjórnin

sal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 20:00 stundvíslega. Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Ingunn Jensdóttir og Friðjón Guðröðarson, sem verður ræðumaður kvöldsins. Stjórninni þótti vel við hæfi að bjóða Friðjóni þar sem hann var fyrsti formaður félagsins, en Norðfirðingafélagið heldur að þessu sinni upp á 15 ára afmæli sitt. Ef að líkum lætur þá hefur hann frá ýmsu að segja og mun ekki skorta orðfimi. Ungir og efnilegir tónlistarmenn að heiman, þeir Daníel Þorsteinsson og Sigurður Þorbergsson munu leika fyrir okkur nokkur lög á píanó og básúnu. Þeir hafa verið við tónlistarnám hér í Reykjavík nokkur undanfarin ár og þykja mjög efnilegir. Ingveldur Hjaltested söngkona mun syngja einsöng við undirleik Guðna P. Guðmundssonar. Okkur hefur borist fréttabréf að heiman frá Eypóri Þórðarsyni, en hann var eins og allir vita barnakennari við skólann okkar í fjöldamörg á. Formaður félagsins mun lesa bréfið. Ingólfur Guðbrandsson, forstjóri Útsýnar hefur verið svo rausnarlegur að gefa félaginu sólarlanda-

sett verður á laggirnar á árs-  
hátiðinni.

Fjöldasöngur verður undir borðhald-  
inu eins og venjulega og að sjálf-  
sögðu undir stjórn Lárusar Sveins-  
sonar.

Að loknu borðhaldi verður stígin  
dans af miklu fjöri við undirspil  
danshljómsveitar Jakobs Jónssonar.  
Ef einhverjir sjá sér ekki fært að  
mæta fyrr en að loknu borðhaldi,  
þá verður seldur sérstakur aðgangur  
á ballið og kostar þá miðinn kr.  
200.00.

Við viljum hvetja félagaga til þess  
að panta miða í tíma hjá:

Jóni Karlss.	41412	Elsu Chr.	36492.
Jóni Guðm.	43499	Huldu	52642

Miðarnir verða seldir að Hótel  
Loftleiðum, miðvikudaginn 16. marz  
kl. 17-19 og borð tekin frá á sama  
tíma.

Hið árlega sólarcaffi félagsins var  
haldið að Hótel Sögu, Átthagasal  
30. janúar s.l. Þátttaka var mjög  
góð. 250 manns mættu í kaffi og  
pönnukökur. Birgir Sveinsson mætti  
á staðnum með skólahljómsveit Mos-  
fellssveitar, sem lék fyrir okkur  
syrpu af lögum Inga T. Lárussonar,  
við góðar undirtektir og eru Birgi

neiman, sem tekin var á arunum 1900-1967, þar sem brugðið var upp ýmsum svipmyndum úr bæjarlífinu. Kenndi þar ýmissa grasa. Höfðu menn gaman að myndinni og ekki skemmdi það, að formaðurinn skýrði jafnharðan á skýran og skemtilegan hátt þær myndir sem brá fyrir á tjaldinu. Ármann Snævarr skýrði frá því á fundinum að til stæði að gefa út á þessu ári bók með úrvali úr ljóðum föður síns, Valdimars Snævarr. Valdimar Snævarr var mikils metinn skólastjóri við barna- og unglingskólann á Norðfirði um ára-bil, en þann 22. ágúst 1983 eru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Þeir sem vilja eignast þessa bók, geta snúið sér til Ármanns Snævarr í síma 18932

MUNID ÁRSHÁTÍÐINA 18. MARZ N.K.

Góða skemmtun

---

#### NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
Heiðarlundi 1,  
210 Garðabæ.  
Ritstjóri: Jón Karlsson.